



Formannafundur

Fundagerð formannafundar þann 8.maí 2023, haldinn í Vestra húsinu kl. 20.00

Mættir voru Marinó Hákonarson - Hestamannafélagið Hending, Sigurður Hreinsson – Blakdeild Vestra, Jóna Dagbjört Pétursdóttir – SFÍ, Finnur Magnússon – Golfklúbbur Ísafjarðar, Jenný Hólmsteinsdóttir – Íþróttafélagið Ívar, Valur Richter – Skotís, Þórir Guðmundsson – BUR kkd. Vestra, Tinna Hrund Hlynsdóttir og Jón Hálfván Pétursson BUR knd. Vestra, Alexander Zakarías Pétursson - Hörður glíma.

Dagskrá fundar:

- Ársreikningur HSV
Framkvæmdastjóri fer yfir ársreikning HSV, sem er fullkláraður, en þó eiga skoðunarmenn reikninga eftir að fara yfir hann.
- Drög að rekstraráætlun
Framkvæmdastjóri fer yfir drög að rekstraráætlun.
- Tillögur frá stjórn HSV fyrir ársþing
Farið yfir tillögu sem stjórn sendi frá sér með fyrra þingboði, þess efnis að fækka aðalmönnum úr fimm í þrjá og varamönnum úr þremur í tvo. Stjórn leggur þessa tillögu fram vegna erfiðleika við að manna stjórn. Umræður meðal fundarmanna um að erfiðara sé að manna stjórnir almennt, þó skiptar skoðanir um málefnið.
 - Tillaga frá Kubba
Framkvæmdastjóri fer yfir tillögu um skipun stjórnar, sem barst frá Kubba.
- Samstarfssamningur HSV og Ísafjarðarbæjar
 - Rennur út 1. janúar nk.
- Önnur mál
ÍSÍ þing - Umræður um tillögu um skipulag íþróttahéraða, sem flutt var á ársþingi ÍSÍ.
Framkvæmdastjóri minnir formenn á að huga að tillögum um handhafa gull og silfur merkja. Umræður um fyrirkomulag veitinga gull- og silfurmerkja.

Þórir Guðmundsson nefnir að samþykkt hafi verið á síðasta ársþingi að gera úttekt á starfsemi íþróttaskóla, sem hafi ekki verið gert. Miklir fjármunir komi inn í íþróttaskóla frá Ísafjarðarbæ, en engar tölur liggi fyrir um skráningu iðkenda og mætingar þeirra. Mikilvægt sé að fara í úttektina og sjá hvar við stöndum svo hægt sé að gera betur. Mikilvægt sé að fara í þau verkefni sem samþykkt er að fara í á þinginu. Nefnt er að íþróttaskóli sé að drekkja starfsemi deildanna í kostnaði. Rætt um að koma þurfi fram hvað íþróttafélögin vilji fá út úr skólanum.

Drög að ársskýrslu er tilbúið, verður sent út með seinna fundarboði.
Húsið í sumar – ekki komið á hreint hvenær það lokar.